
Valgreinar tímabilið 12. október – 9. nóvember

Engjaskóli býður nemendum í 5. – 7. bekk upp á valgreinar. Markmiðið er að stuðla að auknum samskiptum nemenda milli árganga, að efla vinnugleði og gefa nemendum kost á að velja sér viðfangsefni og auka þannig lýðræði í skólastarfi. Valið verður fjölbreytt og leitast við að flétta saman verklegri vinnu, hreyfingu og hugleiðslu svo eitthvað sé nefnt.

Námsmat í vali byggist á hæfniviðmiðum aðalnámskrár sem og frammistöðumati. Valgreinar verða á miðvikudögum tvo tíma í senn kl. 12:50 - 14:10.

Margar rannsóknir sýna fram á að á milli 90-98% nemenda og foreldra eru ánægðir með slíkt fyrirkomulag í skólastarfi. Þær hafa einnig sýnt fram á að val nemenda eykur áhuga þeirra á námi. Nemendur sýna fjölbreyttari og betri úrlausnir verkefna, þátttaka nemenda eykst sem stuðlar að betra námi og betri námsárangri. Vinnugleði, samskipti og þátttaka er einkennir þessar kennslustundir og hefur smitandi áhrif yfir í aðrar kennslustundir.

Jólaval – Kristjana Erlen

Nemendur smíða sér jólakertastjaka og fleiri jólalega smáhluti eftir því sem tími vinnst til. Lögð er áhersla á hugmyndavinnu, vandað handverk og tækni.

Hæfniviðmið eru að nemandi geti:

- Valið aðferðir efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra,
- útskýrt hugmyndir sínar fríhendisteikningu, beitt viðeigandi vinnustellingum
- notað réttan hlífðarbúnað.

Námsmat er lokið/ólókið



Smáhlutir – þórunn Marsibil

Nemendur læra hnýtingar og sauma ýmis smáverkefni í eigin útfærslu. Val um lyklakippu/vinaband (með hnýtingum), einnig lyklakippur/nálapúða skreytt með handsaum. Þá verður einnig í boði að gera ilmpúða, grjónapúða (hacky sack) eða annan smáhlut í samráði við kennara. Verkefni byggja á fyrri þekkingu nemenda. Lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, hugmyndavinnu og vandað handverk.

Hæfniviðmið að nemandi geti;

- beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar
- unnið með einföld snið og uppskriftir
- beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir
- notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla
- notað ný og endurunnin efni í textílvinnu

Námsmat: Virkni, viðhorf og hæfni nemenda metin.



Íþróttir með Unnari og Gunnari

Nemendum verður skipt í tvo hópa. Fara þeir annars vegar í fótbolta á sparkvelli og hins vegar í hinar ýmsu íþróttir og leiki í íþróttahúsinu. Leitast verður við að fara í heimsókn í Egilshöll.

Hæfniviðmið eru að nemandi geti:

- sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast
- viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda
- gert æfingar sem reyna á loftháð þol

Námsmat er lokið/ólókið



Fléttur – Kristín Guðmundsdóttir

Til eru allskonar útgáfur af fléttum og munu nemendur læra að gera ýmsar fléttur. Fræðast um leið um sögu fléttunnar. Nemendur munu vinna saman og flétta hvor annan.

- Einföld flétta
- Fiskiflétta
- Föst flétta (frönsk flétta)
- Öfug föst flétta
- Hálf föst flétta
- Fossinn
- Hollensk flétta



Hæfniviðmið eru að nemandi geti;

- sýnt virðingu og góða framkomu
- viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti

Námsmat er lokið/ólókið

Tilmæli eru að nemendur mæti með hábursta og hárteygjur.

Útinám og náttúra - Jóhanna Höskuldsdóttir og Fríða Kristjánsdóttir

Við erum svo heppin í Engjaskóla að hafa margvíslega náttúru í kringum okkur. Í þessu vali ætlum við að skoða það nánar og náið. Það verður farið út í hverjum einasta tíma, og því er mikilvægt að hafa góð útiföt með. Við munum nýta þekkingu hvors annars og okkar eigin forvitni til að afla nýrrar þekkingar og kunnáttu. Verkefnið er liður í umhverfismenntun nemenda í anda Grænfánans.

Í byrjun skoðum við umhverfi skólans

- við ætlum að finna fjögur tré sem fylgst verður með í hverri viku til að kanna hvort breyting verði á þeim
- fjaran verður heimsótt
- Korpa og Geldinganesið rannsakað
- við munum skoða allt frá minnstu lífverum umhverfisins til þeirra stærstu og nota til þess allskonar hjálpartæki, stækkunargler og greiningarlykla

Hvað verður gert og hvert verður farið mun að hluta til ráðast af hópnum og af veðri, sem og auðvitað sjávarföllum.

Markmiðið að nemendur:

- verði meðvitaðri um umhverfi sitt
- öðlist virðingu fyrir náttúrunni
- viti að það sem hver og einn gerir skiptir máli fyrir heilbrigði okkar og náttúrunnar.

Tenging við Aðalnámskrá grunnskóla felst í því að við vinnum helst með hina 6 grunnþætti menntunar, læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð ásamt sköpun.



Stuttmyndagerð - Bjarki

Farið í og unnið eftir ferli við kvikmyndagerð. Fyrst búum við til einfalt handrit og búum til stiklu (e. trailer) í iMovie. Að því búnu verður búið til örlítið flóknara handrit með söguborði (e. storyboard), tókum upp örstutta mynd og klippum hana í iMovie. Unnið verður í þörum eða hópum.

Markmið að nemandi geti;

- sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum
- nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt
- nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu

Námsmat:

- byggist á vinnusemi, verkefnaskilum og áhuga.



